

Auglýsing um fólkvang Neskaupstaðar

[Umhverfisstofnun] hefur tjáð ráðuneytinu, að engar athugasemdir hafi borist, vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs Neskaupstaðar, sbr. auglýsingu í 32. tbl. Lögbirtingablaðs 10. maí 1972, en þar eru greind mörk fólkvangsins og reglur um hann.

[Umhverfisstofnun] hefur hinn 4. ágúst 1972 samþykkt friðlýsingu fólkvangsins fyrir sitt leyti. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Að því er varðar reglur um mörk fólkvangsins o. fl., vísast til fylgiskjalsins.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. nóvember 1972.

Magnús T. Ólafsson.

---

Birgir Thorlacius